

Minnisblað

Til:

Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir

Dags. 7. ágúst 2020

Mnr. 2019030022



ÍSAFJARÐARBÆR

Sindragata 4a - svör við fyrirspurn bæjarfulltrúa Í-lista

Á 1114. fundi bæjarráðs, þann 13. júlí 2020, var lögð fram fyrirspurn bæjarfulltrúa Í-listans, Nannýjar Örnú Guðmundsdóttur, dags. 10. júlí 2020, þar sem óskað er skriflegra svara sjö spurninga varðandi Sindragötu 4a. Bæjarstjóra var falið að svara erindinu.

Neðangreint eru spurningar og svör.

1. Er búið að koma á leigusamningi í íbúð 303 í Sindragötu 4a? Ef svo er, hver eru leigukjörin?
Já, gerður hefur verið leigusamningur vegna íbúðar 303 í Sindragötu 4a. Leiguverð er kr. 140.000 á mánuði, og gildir samningurinn til 1. ágúst 2022.

2. Er leiga í íbúðinni hluti af ráðningarsamningi við bæjarstjóra?
Nei, skv. ráðningarsamningi sem samþykktur var í bæjarstjórn 20. febrúar 2020 er leiguíbúð að Sindragötu 4a ekki hluti af ráðningarkjörum bæjarstjóra.

3. Er búið að gera breytingar á fjárhagsáætlun ársins 2020 þar sem ekki á að selja íbúð 303 í Sindragötu 4a eins og gert var ráð fyrir?

Nei, breytingar hafa ekki verið gerðar á fjárhagsáætlun.

4. Eru íbúar Sindragötu 4a farnir að taka þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði hússins, og farnir að greiða hita og rafmagn?

Stofnfundur húsfélags var 10. júní sl., þar sem tekin m.a. afstaða til húsfélagsgjalda sem standa undir sameiginlegum kostnaði, s.s. hita sameignar. Gjaldfallinn kostnaður vegna hita og rafmagns verður gerður upp við hvern og einn kaupanda við útgáfu afsals og lokagreiðslu.

5. Er Ísafjarðarbær farinn að taka við greiðslu vegna sölu íbúða í Sindragötu 4a og er búið að þinglýsa kaupsamningum?

Já, Ísafjarðarbær er farinn að taka við greiðslum vegna seldra íbúða.

Einum kaupsamning hefur verið þinglýst og var það gert 7. júlí 2020.

6. Hver er staðan á framkvæmdinni, hefur lokaúttekt farið fram?

Lokaúttekt var framkvæmd föstudaginn, 3. júlí sl. Húsið hefur aftur á móti ekki hlotið stöðuna fullbúið þar sem gerðar voru athugasemdir sem tengdust öryggisatriðum, s.s. vegna reykskynjara, hurðapumpa, fellipróskulda og ýmislegs smálegs. Unnið er að úrbótum.

7. Hver er staðan á viðræðum við Íbúalánasjóð vegna endurgreiðslu stofnframlaga vegna Sindragötu 4a?

Samkomulag hefur verið gert við HMS vegna endurgreiðslu stofnframlags, samkomulagið er dagsett 1. júlí 2020 og hefur verið fært til þinglýsingar hjá sýslumanni.